



Mánudaginn 20. ágúst 2012 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 20.30 á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Brynjólfur Friðriksson, Sveinfríður Halldórsdóttir, Sonja Suska, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Sigríður B. Aadnegard og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla skólastjóra.
3. Skólaakstur
4. Umræður um mötuneyti
5. Önnur mál.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 20.45 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Skýrsla skólastjóra.

Í grunnskólann eru nú skráðir 59 nemendur og 10 nemendur í leikskólann. Bekkjaskipan verður sú sama og síðasta ár og umsjónakennarar þeir sömu. Berglind Hlín Baldursdóttir er ráðin sem afleysingakennari. Turid Rós Gunnarsdóttir er ráðin í afleysingu í leikskóla, tímabundið, fram að áramótum í stað Sigríðar Gunnarsdóttur, sem er í fæðingarorlofi. Inga Sóley Jónsdóttir er ráðin í 40% starf í afleysingu skólaliða, tímabundið.

Eftir áramót verður boðið upp á valgreinar í þýsku, bókfærslu, smíðum og textil fyrir 9. og 10. bekk. Skólastjóri kynnti álit Mennta og menningarmálaráðuneytis varðandi skilgreiningu á skóladögum í grunnskólum

Skólastjóri kynnti drög að innritunarreglum í leikskólann Vallaból.

3. Skólaakstur.

Kynnt var fyrirkomulag skólaaksturs í upphafi skólaárs 2012-2013. Verður sett á heimasíðu Húnavallaskóla.

4. Umræða um mötuneyti.

Kynntur var rekstrarreikningur mötuneytis Húnavallaskóla skólaárið 2011-2012 og efnahagsreikningur 31.07.012.

Talsverðar umræður urðu um reikningana. Ljóst er að endurskoða þarf skráningu kostgangara.

5. Önnur mál.

Engin umræða fór fram undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 22.30

Ritari, Jens P Jensen

Jón Gíslason (sign)
Jóhanna Gunnlaugsdóttir (sign)
Sonja Suska (sign)
Sveinfríður U. Halldórsdóttir (sign)
Eline Manon Schrijver (sign)

Birgir Ingbórsson (sign)
Sigríður B. Aadnegard (sign)
Þórunn Ragnarsdóttir (sign)
Brynjólfur Friðriksson (sign)